

**MÁ EKKI GEYMA HJÁ EÐA HELLA Í
ÍLÁT, SEM NOTUÐ ERU UNDIR
MATVÆLI EÐA LYF.
GEYMIÐ ÞAR, SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.**

VARNAÐARMERKI E
(Rautt letur á ljósum grunni)

**VARÚÐ
GEYMIÐ ÞAR, SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.**

VARNAÐARMERKI F
(Rautt letur á ljósum grunni)

REGLUGERÐ

um tannsmíði.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem tannsmiður hér á landi og kalla sig tannsmið hefur sá einn, sem til þess hefur fengið löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Löggildingu samkvæmt 1. grein skal veita íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá Tannsmiðaskóla Íslands eða öðru prófi, sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna.

3. gr.

Ráðherra getur veitt öðrum en þeim, sem 2. grein tekur til, löggildingu eða tímabundið starfsleyfi, enda sanni viðkomandi að hann hafi lokið prófi, sem sé samþærilegt við próf úr viðurkenndum tannsmiðaskóla skv. 2. gr.

4. gr.

Það er skilyrði fyrir starfsleyfi eða löggildingu skv. 3. gr., að umsækjandi hafi meðmæli Tannsmiðafélags Íslands og uppfylli að öðru leyti þau skilyrði, sem á hverjum tíma eru sett fyrir atvinnuleyfi hér á landi.

5. gr.

Tannsmiðir geta annað hvort starfað sem aðstoðarmenn tannlækna eða stundað starf sitt sem sjálfstæða atvinnugrein, en alltaf með þeirri takmörkun, að þeir mega ekki vinna við sjúkling, hvorki við mótatöku eða mátun.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til tannsmiðastarfa aðra en þá, sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt starfsréttindi hér á landi.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 64 1971 um tækni-menntaðar heilbrigðisstéttir, öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.